

Samþykkt um hesthús og umgengni í hesthúsahverfinu í Borgarbyggð

Gildir um hesthúahverfið við Selás og Vindás, reiðvelli, reiðhöll og reiðleiðir í næsta nágrenni.

1.gr. Byggingar og önnur mannvirki

Hesthús og þær byggingar sem þeim tilheyra skulu byggð og viðhaldið samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum. Vanda skal til frágangs húsanna, geymslu á heybirgðum og öðru því er lýtur að hirðingu hestanna.

2.gr. Umhverfi, lóðir og gerði.

Umhverfi hesthúsa skal halda þrifalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur. Gerði skulu malarborin og þau girt vönduðum girðingum. Á hesthúsalóðum er óheimilt að geyma bifreiðar, dráttavélar, heyrinnslutæki, og aðra lausamuni. Hestakerrur og önnur farartæki, skráð og notkunarhæf, skulu geymd á þar til gerðum og merktum stæðum. Bannað er að skilja hvers konar rusl eftir utanhúss, sem og sagpoka, heyrúllur, plast, byggingarefni og verkfæri.

3.gr. Bílastæði og umferð bíla.

Bílum skal lagt á þar til gerðum stæðum, utan þeirra brauta þar sem farið er um á hestum. Bannað er að leggja í götunum í gegnum hesthúsahverfin, nema á tilgreindum bílastæðum. Leitast skal við að ökutæki og umferð þeirra valdi ekki, umferð á eða með hesta, hættu. Umferð ökutækja skal ávallt haga í samræmi við aðstæður.

4.gr. Kerrur og hey

Kerrum og heyrúllum eða heyböggum skal komið fyrir á þar til gerðum stæðum og þannig frá þeim gengið að ekki stafi af þeim hætta. Eigendur skulu fylgjast reglulega með að allur frágangur sé í lagi, ekki skapist hætta á foki og plast sé ekki laust (blaktandi) á rúllum eða böggum.

5.gr. Lausaganga

Lausaganga hesta er bönnuð í hesthúsahverfinu. Eigendur hesthúsa bera alla ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar alla umgengni í hesthúsahverfinu og við hesthús.

Hundar skulu að jafnaði ekki vera lausir á svæðinu og þess vel gætt að þeir valdi ekki slyshættu, fæli hesta eða valdi nágrönnum ónæði og skulu ávallt vera undir eftirliti eiganda. Komi í ljós að eigandi hafi ekki stjórn á hundi sínum, hvað þessi atriði varðar, skal honum þá óheimilt að koma með hundinn á svæðið.

6. gr. Taðþær, gámar

Tað og moð skal geymt í vökvaheldum taðþróum eða gámum innan viðkomandi lóðar. Þrær eða gámar skulu vera þannig gerð og hirt að ekki stafi af þeim óþrif, mengun eða slyshætta. Í taðþrær má einungis setja hrossatað og moð sem hreinsað er úr hesthúsunum og umhverfis þau.

7.gr Tæming taðþróa

Taðþrær skulu tæmdar áður en þær yfirfyllast og bera hesthúsaeigendur ábyrgð á því. Leitast skal við að nýta taðið til jarðræktar eða annarra sambærilegra nota, en að öðrum kosti að flytja það á þar til ætlaðan móttökustað á vegum sveitarfélagsins.

8. gr Frárennsli

Frárennsli frá salernum og hesthúsum skal tengja fráveitukerfi sveitarfélagsins. (Vísu þarf í samþykkt um fráveitur í Borgarbyggð – starfsm. Borgarbyggðar færir inn!).

9.gr. Sorphirða

Hesthúsaeigendur skulu koma öllu sorpi og rúlluplasti á gámastöð eða í sorpílát sveitarfélagsins. Urðun úrgangsefna í hesthúshverfinu og öll brennsla er bönnuð. Hættulegum úrgangi skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

10.gr. Eftirlit

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og skipulags- og byggingarfulltrúinn í Borgarbyggð hvor á sínu sviði.

11.gr. Brot og viðurlög

Um brot á samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim, ákvæðm skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og byggingarreglugerðar nr 441/1998 með síðari breytingum.

12. gr

Eigendum hesthúsa er veittur frestur til ársloka 2011 til að uppfylla ákvæði 6. greinar.

Samþykkt á fundi sveitararstjórnar 2010.